

63. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga haldinn á skrifstofu Vestfjarðastofu, Ísafirði og í fjarfundi 25. september 2024 kl 12.00

Mætt voru: Jóhanna Ösp Einarsdóttir, formaður, Elísabet Gunnarsdóttir, Gauti Geirsson, Lilja Sigurðardóttir, Lilja Magnúsdóttir, Magnús Ingi Jónsson og Nanný Arna Guðmundsdóttir.

Forföll boðuðu Jóhann Birkir Helgason og í hans stað sat fundinn Dagný Finnbjörnsdóttir og Sædis Ólöf Þórsdóttir, ekki tókst að boða varamann í hennar stað.

Einnig sátu fundinn þau Sigríður Ólöf Kristjánsdóttir framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir teymisstjóri atvinnu- og byggðaðróunar og Aðalsteinn Óskarsson sviðsstjóri byggðaðróunar sem ritaði fundargerð

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir;

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Uppbyggingarsjóður – rammi úthlutunar
2. Fjárhagsstaða og drög að fjárhagsáætlun 2025
3. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029
4. Lagareldi – ályktun á Fjórðungsping
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Önnur mál
7. Fundargerðir til kynningar

Fundur stjórnar FV

1. 69. Fjórðungsping að hausti, dagskrá, endurskoðuð fjárhagsáætlun og ályktanir stjórnar
2. Umsögn um Fjárlög
3. Skýrsla um gjaldtöku í fiskeldi – lögð fram til kynningar
4. Skýrsla um skeldýrarækt frá Matvælaráðuneyti – lögð fram til kynningar
5. Umsagnir:
 - a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
 - b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
 - c. Afrakstur umsagna.
 - d. Umsagnarbeiðnir
 - e. Umsagnir til skoðunar

Stefnumótun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar til 2035, <https://island.is/samradsgatt/mal/3822>

Formaður setti fundinn og kannaði síðan hvort athugasemdir væru við boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár

1. Uppbyggingarsjóður – rammi úthlutunar

Lagt fram minnisblað um tillögu að skiptingu grunnframlaga til Sóknaráætlunar 2025. Lagt fram með fyrirvara um afgreiðslu frumvarps til fjárlaga 2025, framlög frá síðasta ári hafa lækkað en beiðni um hækkun framlags verður send fjárlaganefnd frá landshlutasamtökum sveitarfélaga. Auk þess á eftir að ganga frá samningi um framlög til verkefna á sviði umhverfismála vegna aðildar umhverfis,orku og loftlagsráðuneytis að sóknaráætlunum.

Fjallað um skiptingu hlutfalls á milli Uppbyggingarsjóðs, áhersluverkefna og reksturs. Til máls tóku, Elísabet, Nanný, Jóhanna, Gauti, Aðalsteinn, Sigríður
Formaður gerði tillögu um að samþykkja tillögu minnisblaðs um hlutfallslega skiptingu framlaga en fjallað verði sérstaklega um skiptingu ef til hækkunar kemur.
Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Fjárhagsstaða og drög að fjárhagsáætlun 2025

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar drög að fjárhagsáætlun Vestfjarðastofu fyrir árið 2025. Fyrir liggur tillaga að fjárhagsáætlun 2025 frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga sem lögð verður fyrir 69. Fjórðungsþing Vestfirðinga 18. og 19. október n.k. auk tillagana í frumvarpi til fjárlaga 2025. Rammi fjárhagsáætlunar liggur því að stórum dráttum til að kynna fyrir stjórn.

3. Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029

Framkvæmdastjóri lagði fram til kynningar frumdrög að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2026, byggt á samráði, gögnum sem unnin hafa verið á árinu og tillögu að umbroti og myndum. Óskað viðbragða við framsetningu og upplegg á texta og heimild til að staðfesta samning um nýja sóknaráætlun við ráðuneyti.

Til máls tóku, Jóhanna, Lilja M, Magnús, Guðrún Anna, Nanný, Elísabet.

Formaður gerði tillögu um að heimila framkvæmdastjóra og starfsmönnum að vinna áfram með tillögu að Sóknaráætlun Vestfjarða 2025-2029 með tilliti til umræðu á fundinum og veita heimild til að undirritun að nýrri sóknaráætlun.
Tillagan samþykkt samhljóða.

4. Lagareldi – ályktun á Fjórðungsþing

Formaður kynnti umræðu stjórnar og sveitarfélaga um efni ályktunar á Fjórðungsþingi er varðar lagareldi á grunni stefnmörkunar og frumvarps sem ekki var afgreitt á Alþingi á vorþingi s.l., óskað álits stjórnar Vestfjarðastofu á efni máls.
Til máls tóku, Gauti, Elísabet, Nanný, Lilja M, Guðrún Anna.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnleg skýrslu um verkefni Vestfjarðastofu frá síðasta fundi stjórnar.

6. Önnur mál

Jóhanna, Lilja og Nanný kynntu að þetta yrði síðasti stjórnarfundur þær þökkuðu fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf í stjórninni. Aðrir stjórnarmenn þökkuðu þeim sömuleiðis fyrir samstarfið og vinnu að framgangi mála á Vestfjörðum.

7. Fundargerðir til kynningar

Eftirfarandi fundargerðir landshlutasamtaka lagðar fram til kynningar

- a. Fundargerð 113. fundar stjórnar SSNV 16. september 2024
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2024/fundargerð-113.-fundar-stjornar-ssnv.pdf
- b. Fundargerð 65. fundar SSNE 4. september 2024
https://www.ssnv.is/static/files/Mappa/SSNV/fundergerdir_stjornar/2024/fundargerð-113.-fundar-stjornar-ssnv.pdf
- c. Fundargerð 3. fundar stjórnar SSA 13. ágúst 2024
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/08/3.-stjornarfundur-SSA-13.-agust-2024-2.pdf>
- d. 152. fundur stjórnar Austurbrúar 13. ágúst 2024
<https://austurbru.is/wp-content/uploads/2024/08/152.-stjornarfundur-Austurbruar-13.-agust-2024.pdf>
- e. 613. stjórnarfundur SASS. 13. september 2024
<https://www.sass.is/613-fundur-stjornar-sass/>
- f. 585. Fundur stjórnar SSH 16. september 2024
<https://www.ssh.is/is/stjornsysla/fundargerdir>

Fleira ekki gert og fundi stjórnar Vestfjarðastofu slitið 13.50 og af fundi véku, Elísabet, Gauti og Lilja S.

Fundur stjórnar FV

1. 69. Fjórðungsþing að hausti, dagskrá, endurskoðuð fjárhagsáætlun og ályktanir stjórnar

Sviðsstjóri byggðapróunar kynnti tillögur fjárhagsnefndar FV og fór yfir helstu þætti fjárhagsáætlunar og tillögu um árstíllag.

Formaður lagði fram drög að ályktunum stjórnar á Fjórðungsþingi. Stjórn mun bæta við efni ályktana og fela starfsmönnum Vestfjarðastofu að ljúka við ályktanir stjórnar fyrir 8. október n.k..

Starfsmönnum Vestfjarðastofu falið að ljúka undirbúningi Fjórðungsþings þar með töldum ályktunum sem ræddar voru á fundinum og tillögu að fjárhagsáætlun 2025.

2. Umsögn um Fjárlög

Sviðsstjóri byggðapróunar kynnti drög að umsögn um fjárlög.

Til máls tóku Lilja, Jóhanna Magnús og Nanný.

Formaður lagði til að sviðsstjóra byggðapróunar yrði falið að ljúka gerð umsagnar á grundvelli framlagðra draga með tilliti til umræðu á fundinum.

3. Skýrsla um gjaldtöku í fiskeldi

Lögð fram til kynningar skýrsla matvælaráðherra um gjaldtöku í sjókvíaeldi, á grundvelli fyrirspurnar á Alþingi, mál 755, 154 löggjafarþings.

4. Skýrsla um skeldýrarækt frá Matvælaráðuneyti

Lögð fram til kynningar skýrsla matvælaráðherra um skeldýrarækt (kræklingrækt) á grundvelli beiðni þingmanna á Alþingi, mál 868, 154 löggjafarþings.

5. Umsagnir:

- a. Afgreiddar umsagnir til Alþingis
Umsögn um frumvarp til fjárlaga 2025, vísast til 2. liðar stjórnarfundar
- b. Afgreiddar umsagnir í Samráðsgátt
Engin mál til umfjöllunar
- c. Afrakstur umsagna.
Engin mál er tengjast afrakstri umsagna
- d. Umsagnarbeiðnir
Engar umsagnabeiðnir liggja fyrir.
- e. Umsagnir til skoðunar
Stefnumótun á sviði vísinda, tækniþróunar og nýsköpunar til 2035
<https://island.is/samradsgatt/mal/3822>
Samþykkt að send verði umsögn um málið á grunvelli umræðu á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi stjórnar Fjórðungssambandsins slitið kl 14.25